

Af þessum framantöldum ástæðum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnenda f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar í máli þessu.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhanna Jónsdóttir, Ármann Magnússon, Sigurður H. Magnússon, Svavar Magnússon, Jóna G. Magnúsdóttir, Jón H. Magnússon, Kristín Þórarinsdóttir, Björn Magnússon, Magnús J. Magnússon, Kristófer Magnússon og Bjarni Valdimarsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Önnu Magnúsdóttur og Einars Magnússonar f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1975.

Nr. 156/1975. **Alfreð Haraldsson**

gegn

Herði Sigurvinssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. október 1975, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir sjó- og verslunardóm Reykjavíkur að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Samkvæmt 3. mgr. 204. gr. laga nr. 85/1936 var heimilt að höfða mál þetta fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Verður því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja 5.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Varnaraðili, Hörður Sigurvinsson, greiði sóknaraðilja, Alfreð Haraldssyni, 5.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 26. september 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., hefur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, höfðað fyrir hönd Alfreðs Haraldssonar matsveins, Háteigi 3, Keflavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. ágúst sl., gegn Herði Sigurvinssyni útgerðarmanni, Grundarbraut 30, Ólafsvík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 37.905 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. mars 1975 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt krefst stefnandi þess, að sjóveðréttur verði viðurkenndur í v/b Sæhrímni, SH 40, til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum og að löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 14. ágúst 1975, verði staðfest til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum.

Stefnandi kveður tildrög málsins þau, að hann hafi starfað við m/b Sæhrímni, SH 40, eign stefnda, fyrst í landi við að undirbúa að koma bátnum á vertíð frá 7. janúar til 23. janúar 1975 og síðan sem matsveinn á bátnum í 14 daga. Samkvæmt uppgjöri stefnda hafi tekjur stefnanda alls verið kr. 91.537 og hafi stefndi gert upp við stefnanda að öðru leyti en því, að hann hafi haldið eftir kr. 37.905, sem hann neitaði að greiða, þar sem hann telji, að stefnandi hafi horfið úr starfi án þess að segja upp með lögmætum fyrir-

vara. Þessu neiti stefnandi, þar sem hann hafi neyðst til að fara af bátnum vegna vanskila stefnda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi er búsettur í Keflavík, en stefndi í Ólafsvík. Stefnukröfur eru vegna vinnu stefnanda við og á m/b Sæhrímni, SH 40, eign stefnda. Af skjölum málsins verður ekki séð, að stefnandi hafi leyst vinnu sína af hendi í Reykjavík, sbr. 85. gr. laga nr. 85 frá 1936. Heimili m/b Sæhrímnis, SH 40, er ekki í Reykjavík, sbr. 85. gr. laga nr. 85 frá 1936. Mál til staðfestingar löghalds skal höfðað á því varnarþingi, er sækja má til greiðslu kröfunnar samkvæmt 20. gr. laga nr. 18 frá 1949. Samkvæmt framanrituðu er mál þetta höfðað á röngu varnarþingi, og ber því að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, Guðmundur Hjaltason og Ægir Ólafsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
